

2015

Þjóðarspegilinn

Ráðstefna í félagsvísindum XVI

Þróun í upplýsingahegðun eldra fólks:

Öflun og mat á rafrænum upplýsingum um heilsu
og lífsstíl

Ágústa Pálsdóttir

Félags- og mannvísindadeild

Ritstjórar:

Helga Ólafs og Thamar M. Heijstra

Rannsóknir í félagsvísindum XVI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2015

ISBN: 978-9935-424-19-8



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þróun í upplýsingahegðun eldra fólks

Öflun og mat á rafrænum upplýsingum um heilsu og lífsstíl

Ágústa Pálsdóttir

Hlutfall eldra fólks vex hratt á Íslandi eins og víða í öðrum vestrænum löndum (Hagstofa Íslands, 2013; United Nations, 2013). Því skiptir máli fyrir velferðasamfélög að huga að þörfum þess og skapa eldra fólki tækifæri til að vera virkt í samfélaginu svo lengi sem kostur er. Mikilvægur þáttur í því að stuðla að auknum lífsgæðum er að hvetja fólk til að taka þátt í heilsuefningu. Ef eldra fólk á að geta aflað sér þekkingar og viðhaldið kunnáttu sinni um heilsusamlegt líferni þarf að vera fyrir hendi greiður aðgangur að vönduðum upplýsingum sem fullnægja þörfum þess, og sem það getur nálgast eftir þeim leiðum og frá þeim upplýsingamiðlum sem það sjálft kys. Upplýsingatækni hefur þróast hratt á undanförunum árum og þar með möguleikar í sambandi við miðlun og öflun upplýsinga. Því er þekking á því hvernig upplýsingahegðun eldra fólks hefur þróast nauðsynleg til að hægt sé að koma upplýsingum um heilsuefningu á framfæri á skilvirkan hátt. Í greininni er áhersla lögð á að skoða hvernig upplýsingahegðun Íslendinga sem eru 60 ára eða eldri hefur þróast frá 2002 til 2012.

Miðla- og upplýsingalæsi skiptir hér máli en einstaklingar sem búa yfir því hafa getu til að „...staðsetja, afla, skilja, meta og nota, skapa, sem og deila með öðrum upplýsingum og innihaldi miðla á hvaða sniði sem er...“ (UNESCO, 2014).

Upplýsingum um heilsuefningu er í vaxandi mæli miðlað rafrænt. Bent hefur verið á að eldra fólk hefur bæði minna aðgengi að rafrænum miðlum og reynslu í að afla rafrænna upplýsinga en þeir sem yngri eru. Þá hefur eldra fólk frekar tilhneigingu til að vantreysta rafrænum miðlum. Eldra fólk hefur því ekki tækifæri þess til að hagnýta rafrænar upplýsingar í sama mæli og yngra fólk (Fischera, Davida, Crottya, Dierksa og Safrana, 2014). Einkum á þetta við um þá sem tilheyra elsta hópnum (Saied, Sherry, Castricone, Perry, Katz og Somasundar, 2014). Netaðgengi er almennt meðal Íslendinga og hefur farið vaxandi, frá 78% árið 2002 í 95% árið 2012 (Hagstofa Íslands, 2012, 2004). Þessar tölur eru vísbending um að stafræn gjá sé tiltölulega lítil á Íslandi en það er þó nauðsynlegt að hafa í huga að þær sýna ekki stöðuna fyrir hópa innan samfélagsins. Þó að netnotkun hjá fólki sem er á aldrinum 65 til 74 ára hafi farið vaxandi hefur komið í ljós að eftir því sem fólk er eldra því sjaldnar tengist það netinu (Hagstofa Íslands, 2012, 2007, 2004). Samskonar þróun má sjá víða erlendis, til dæmis hafa niðurstöður um notkun Internetsins í Bandaríkjunum sýnt að neikvæð tengsl eru milli aldurs og þess að leita að rafrænum upplýsingum (Fox og Duggan, 2013). Nýlegar niðurstöður um samfélagsmiðla sýna til dæmis að rúmlega 80% Íslendinga sem er 60 ára og eldri hafa aldrei sett inn upplýsingar, athugasemdir, skráð sig sem vin eða merkt að þeim líki Facebooksíður um heilsu og lífsstíl. Þá hafa rúmlega 70% aldrei fengið sendar, áframsent eða merkt að þeim líki upplýsingar um heilsu og lífsstíl (Pálsdóttir, 2014). Á hinn bóginn hefur það verið nefnt að vegna þess að þeir sem yngri eru hafi iðulega vanist því að nota rafræna miðla í starfi eða einkalífi þá muni það leiða til þess að þegar fram líða stundir hafi eldra fólk náð að temja sér aukna notkun rafrænna upplýsinga (Bromley, 2004).

Nýlegar rannsóknir hafa einkum skoðað hvernig eldra fólk hefur aðlagast rafvæðingu upplýsinga um heilsuvernd. Rannsókn sú sem hér um ræðir miðar að því að

fá fram heildstæðari mynd. Fjallað verður um niðurstöður þriggja kannana sem gerðar voru árin 2002, 2007 og 2012 þar sem meginmarkmiðið er að leita þekkingar á þróun í upplýsingahegðun mismunandi hópa Íslendinga á sviði heilsu og lífsstíls. Tilgangurinn er að fá fram aukinn skilning á tækifærum fólks til að afla og notfæra sér upplýsingar og fræðslu um heilsusamlegan lífsstíl. Í greininni eru birtar niðurstöður um þróun í upplýsingahegðun Íslendinga sem eru 60 ára eða eldri. Verða niðurstöður um tíðni upplýsingaleitar í heimildum á Internetinu, sem og mat á gagnsemi og áreiðanleika upplýsinganna, bornar saman við upplýsingaleit og mat á upplýsingum í fjölmiðlum og frá heilbrigðisstarfsfólki.

Aðferð

Gagnaöflun

Megindlegar aðferðir voru notaðar í þessari rannsókn. Rannsóknin er þrískipt og var gagna aflað árin 2002, 2007 og 2012. Gagnasöfnun fór þannig fram að árin 2002 og 2007 var póstkönnun lögð fyrir 1.000 manna tilviljunarúrtök fólks 18 ára og eldra á landinum öllu úr Þjóðskrá. Svarhlutfall var 51% árið 2002 og 47% árið 2007. Árið 2012 var gagna aflað með tvennum hætti. Annars vegar með símakönnun sem lögð var fyrir 600 manna tilviljunarúrtak fólks 18 ára og eldra á öllu landinu úr Þjóðskrá. Þátttakendur voru 299 talsins. Hins vegar var netkönnun lögð fyrir 600 manna tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Netpanellinn samanstendur af fólki á aldrinum 18 ára og eldra frá landinu öllu. Þátttakendur í netkönnunni voru 399 talsins.

Þegar bakgrunnur þátttakenda var skoðaður kom í ljós að fleiri konur (57,2%) en karlar (42,8%) svöruðu símakönnuninni, meðan kynjahlutfallið var jafnara meðal þátttakenda í netkönnuninni, eða 50,9% konur og 49,1% karlar. Þátttakendur í símakönnuninni voru aðeins yngri en þátttakendur í netkönnuninni, 20,4% þeirra voru á aldursbilinu 18 til 29 ára en hlutfallið fyrir þann aldurshóp var 16,3% hjá svarendum í netkönnuninni. Því má segja að báðar þessar aðferðir við gagnaöflun hafi haft kosti og galla. Netkönnunin náði nokkuð jafnt til karla og kvenna en hins vegar var yngsti aldurshópurinn tregari til að taka þátt í henni en þegar gagna var aflað með símakönnun. Með því að sameina gögnin var hægt að fá fram gagnasett þar sem skipting milli kynja og aldersdreifing var líkari þýðinu. Því var ákveðið að sameina svör frá öllum þátttakendum í eitt gagnasett og var svarhlutfall í því 58,4%.

Niðurstöðurnar sem fjallað er um í þessari grein ná aðeins til þátttakenda sem voru 60 ára eða eldri. Eins og áður hefur verið bent á hafa aldraðir verið tregari til að nota rafrænar upplýsingar en þeir sem yngri eru en vera má að þegar fram líða stundir breytist það. Því var ákveðið að að bera saman fólk sem er á aldrinum 60-67 ára við þá sem eru orðnir 68 ára eða eldri í því skyni að athuga hvort um mun sé að ræða milli hópanna sem geti hugsanlega gefið vísbendingar um breytta upplýsingaöflun.

Fjöldi þátttakenda í hvorum aldurshóp fyrir sig er sýndur í Töflu 1.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda eftir aldurshópum árin 2002, 2007 og 2012

Þátttakendur	2002	2007	2012
60-67	32	55	90
68+	44	61	90
Samtals	76	116	180

Mælitæki og greining gagna

Spurningalistinn sem notaður var við kannanirnar hefur þróast í gegnum árin í takt við framfarir í upplýsingatækni og inniheldur fleiri rafrænar heimildir árið 2012 en 2002. Það var hins vegar nauðsynlegt að nota sömu mælitæki fyrir gögnin frá 2002, 2007 og 2012 til að hægt væri að bera þau saman.

1. Aldurshópar. Spurt var um ýmsar lýðfræðilegar breytur í rannsókninni en í niðurstöðunum sem fjallað er um hér var aldursbreytan eingöngu notuð. Til að skoða þróun í notkun á rafrænum upplýsingum eftir aldri var þátttakendum skipt í tvo aldurshópa, þeir sem eru á aldrinum 60 til 67 ára og þeir sem eru 68 ára eða eldri.
2. Upplýsingaleit af ásetningi var athuguð með því að spyrja: Hefur þú leitað að upplýsingum um heilsu og lífsstíl á einhverjum af eftirfarandi stöðum? Listi með rúmlega 20 heimildum fylgdi með spurningunni og var fólk beðið að svara öllum listanum út frá fimm punkta Likert kvarða (1: Aldrei – 5: Mjög oft).
3. Mat á upplýsingum var rannsakað með því að spyrja tveggja spurning: Hversu gagnlegar finnst þér upplýsingar um heilsu og lífsstíl á eftirfarandi stöðum vera?, og Hversu áreiðanlegar finnst þér upplýsingar um heilsu og lífsstíl á eftirfarandi stöðum vera? Notaður var fimm punkta Likert kvarði (5: mjög gagnlegar/áreiðanlegar – 1: Veit ekki). Sami listi yfir heimildir fylgdi með spurningunum og var notaður við spurninguna um upplýsingaleit.


Gögnin um upplýsingaleit, mat á gagnsemi og mat á áreiðanleika upplýsinganna voru þáttgreind. Principal Component aðferðin (hornréttur snúningur) var notuð og greiningin framkvæmd fyrir hverja spurningu fyrir sig í gagnasettunum frá 2002, 2007 og 2012. Miðað var við þáttahleðslur 0,40 og hærri. Eigingildi hærri en 1,00 og skriðupróf gáfu til kynna þrjá undirliggjandi þætti sem samtals innihéldu 15 heimildir. Þættirnir voru kallaðir Fjölmiðlar, Sérfræðingar á heilbrigðissviði og Internet. Fjölmiðlar innihalda upplýsingar í sjónvarpi, útvarpi og prentuðum blöðum/tímaritum, Sérfræðingar á heilbrigðissviði innihalda upplýsingar á prenti frá heilbrigðisstarfsfólki, sem og samræður við það. Internetið inniheldur upplýsingar á rafrænu sniði, þar með talið vefsíður reknar af sérfræðingum á heilbrigðissviði.

Þættirnir útskýrðu 63,8% af dreifingu spurningarinnar um upplýsingaleit af ásetningi í gögnunum frá 2002, 65,0% árið 2007 og 71,5% 2012. Innri áreiðanleiki kvarðanna (Cronbach's alpha) var á bilinu 0,80 til 0,88 árið 2002, frá 0,81 til 0,87 árið 2007 og 0,87 til 0,90 árið 2012. Fyrir spurninguna um gagnsemi upplýsinganna útskýrðu þættirnir 66,5% af dreifingu árið 2002, 67,3% 2007 og 75,4% 2012. Innri áreiðanleiki mældist á bilinu 0,84 til 0,88 árið 2002, 0,83 til 0,90 árið 2007 og 0,87 til 0,92 2012. Fyrir spurninguna um áreiðanleika útskýrðu þættirnir 67,2% af dreifingu árið 2002, 70,3% 2007 og 75% 2012. Innri áreiðanleiki var á bilinu 0,84 til 0,87 árið 2002, 0,85 til 0,90 2007 og 0,86 til 0,91 árið 2012.

Einþátta ANOVA var notuð til að greina upplýsingaleit af ásetningi, sem og mati á gagnsemi og áreiðanleika upplýsinga hjá aldurshópunum tveimur.

Niðurstöður

Niðurstöður um hversu oft þátttakendur leita upplýsinga í miðlunum Fjölmiðlar, Sérfræðingar á heilbrigðissviði og Internet verða kynntar fyrst og því næst niðurstöður um mat á gagnsemi og áreiðanleika upplýsinga í upplýsingamiðlunum þremur.



Mynd 1. Upplýsingaleit í Fjölmiðlum, Sérfræðingum og Interneti

Mynd 1 sýnir að báðir aldurshóparnir leituðu upplýsinga oftast í Fjölmiðlum. Einnig má sjá að hjá báðum aldurshópum var tíðni upplýsingaleitar í bæði Fjölmiðlum og frá Sérfræðingum sambærileg árin 2012 og 2002 og að munur á milli hópanna var afar lítill. Tíðni upplýsingaleitar á Interneti jókst hins vegar hjá báðum aldurshópum, einkum frá árinu 2007 til 2012.

Ef þróun í upplýsingaleit í Fjölmiðlum og hjá Sérfræðingum er borin saman sést að munur á tíðni upplýsingaleitar á milli þessara tveggja miðla var sambærilegur árið 2012 við það sem var 2002, hjá báðum aldurshópum. Hins vegar hefur, hjá báðum aldurshópum, dregið úr mun á tíðni upplýsingaleitar á Internetinu og í Fjölmiðlum annars vegar og hjá Internetinu og Sérfræðingum hins vegar.



Mynd 2. Gagnsemi upplýsinga í Fjölmiðlum, frá Sérfræðingum og á Interneti


Ef Mynd 2 er skoðuð sést að þrátt fyrir að gagnsemi upplýsinga frá Sérfræðingum hafi verið lægra metið árið 2012 en árið 2002 eru þær engu að síður taldar vera gagnlegri en upplýsingar í Fjölmiðlum og á Internetinu. Aldurshóparnir mátu upplýsingar í Fjölmiðlum nánast eins og hjá báðum hópunum lækkaði matið lítillega árið 2012 miðað við árin 2007 og 2002. Þegar niðurstöður um Internetið voru

skoðaðar sést að árið 2002 töldu þeir sem tilheyrðu aldurshópnum 60 til 67 ára gagnsemi upplýsinga þar vera meira en þeir sem voru 68 ára eða eldri. Árið 2012 taldi yngri hópurinn upplýsingarnar ennþá vera gagnlegri en eldri hópurinn en það hafði dregið úr muninum á milli þeirra. Þegar hvor hópurinn fyrir sig er skoðaður sést að yngri hópurinn taldi upplýsingarnar vera síður gagnlegar árið 2012 en hann gerði árið 2002. Niðurstöður meðal þeirra sem eru 68 ára eða eldri sýna að mat á gagnsemi upplýsinganna hækkaði tímabundið árið 2007 frá því sem hafði verið 2002 en síðan lækkaði það aftur og 2012 var það orðið sambærilegt við það sem verið hafði árið 2002.

Þegar þróun í mati á gagnsemi upplýsinga frá Sérfræðingum og í Fjölmiðlum á tímabilinu er borin saman sést að frá 2002 dró jafnt og þétt úr muninum milli þessarra tveggja upplýsingamiðla hjá yngri hópnum. Hjá eldri hópnum var munurinn milli miðlanna einnig minni árið 2012 en hann var 2002. Ef borið er saman hvernig mat á gagnsemi upplýsinga frá Sérfræðingum og á Internetinu þróaðist sést að hjá eldri hópnum dró úr muninum á milli miðlanna tímabundið árið 2007. Hann jókst hins vegar aftur árið 2012 þó að hann næði því ekki að verða jafnmikill og árið 2002. Hjá yngri hópnum jókst munurinn á milli miðlanna tímabundið 2007 en það dró úr honum aftur og 2012 var hann sá sami og var 2002.

Þegar munurinn á milli Fjölmiðla og Internetsins er skoðaður sést að árið 2002 taldi yngri hópurinn upplýsingar í þessum miðlum vera nánast jafn gagnlegar. En árið 2012 voru upplýsingar á Internetinu metnar síður gagnlegar en upplýsingar í Fjölmiðlum.

Hjá eldri hópnum voru upplýsingar í Fjölmiðlum metnar gagnlegri en upplýsingar á Internetinu árið 2002 en árið 2007 voru upplýsingar í þessum miðlum taldar nánast jafngagnlegar. Árið 2012 hafði matið breyst þannig að upplýsingar í Fjölmiðlum voru metnar gagnlegri en upplýsingar á Internetinu en munurinn á milli miðlanna var þó minni en 2002.



Mynd 3. Áreiðanleiki upplýsinga í Fjölmiðlum, frá Sérfræðingum og á Interneti

Mynd 3 sýnir að þó að upplýsingar frá Sérfræðingum hafi verið metnar síður áreiðanlegar árið 2012 en var árið 2002, af báðum aldurshópnum, þá eru þær engu að síður taldar vera áreiðanlegri en upplýsingar í Fjölmiðlum og á Interneti. Mat yngri hópsins á áreiðanleika upplýsinga í Fjölmiðlum hélst nánast óbreytt öll árin en hjá eldri hópnum dalaði það örlítið árið 2012 samanborið við 2007 og 2002. Að öðru leyti var mat aldurshópnum á upplýsingum frá Sérfræðingum og í Fjölmiðlum svipað.

Niðurstöður um Internetið sýna að árið 2002 taldi yngri hópurinn upplýsingar þar töluvert áreiðanlegri en eldri hópurinn en árið 2012 hafði dregið úr muninum á milli þeirra. Hjá yngri hópnum dró úr mati á áreiðanleika upplýsinganna frá 2002 til 2007 en hélst síðan að mestu óbreytt frá 2007 til 2012. Hjá eldri hópnum hækkaði mat á áreiðanleika upplýsinganna tímabundið frá 2002 til 2007 en síðan dró aftur úr því og 2012 voru upplýsingar á Internetinu metnar á sama hátt og 2002.

Ef þróun í mati á upplýsingamiðlunum Sérfræðingar og Fjölmiðlar er borin saman sést að hjá eldri hópnum var munurinn á milli þessarra miðla svipaður öll árin. Hjá yngri hópnum dró hins vegar úr muninum jafnt og þétt frá því 2002. Samanburður á þróun í mati á áreiðanleika upplýsinga frá Sérfræðingum og á Internetinu sýnir að munurinn jókst lítillega hjá yngri hópnum árið 2012 miðað við 2002 en hjá eldri hópnum dró úr honum. Þegar þróun í mati á upplýsingum í Fjölmiðlum og á Interneti er borin saman sést að hjá yngri hópnum er munurinn milli miðlanna minni árið 2012 en hann var 2002 en hjá eldri hópnum jókst hann.

Umræða

Eldra fólki fjölgar mjög á Íslandi sem og í öðrum vestrænum ríkjum (Hagstofa Íslands, 2013; United Nations, 2013) en bent hefur verið á að það hafi ekki alltaf næga möguleika til að notfæra sér rafrænar upplýsingar um heilsuvernd (Fischera o.fl., 2014; Pálsdóttir, 2014; Saied o.fl. 2014). Í greininni voru bornar saman niðurstöður um það hvernig notkun og mat á gæðum upplýsinga í þremur upplýsingamiðlum, Fjölmiðlum, Sérfræðingum á heilbrigðissviði og Interneti, hefur þróast á árunum 2002, 2007 og 2012, annars vegar hjá fólki sem er 60 til 67 ára og hins vegar þeim sem eru 68 ára og eldri.

Niðurstöðurnar sýna að hjá báðum aldurshópnum hefur upplýsingaleit á Internetinu farið vaxandi frá árinu 2002 en jafnframt að það hafði ekki gerst á kostnað tíðni upplýsingaleitar í hinum tveimur miðlunum. Hjá báðum aldurshópnum var tíðni upplýsingaleitar í Fjölmiðlum og Sérfræðingum svipuð árið 2012 og var árið 2002.

Upplýsingar frá Sérfræðingum voru taldar gagnlegri og áreiðanlegri en upplýsingar í Fjölmiðlum og Internetinu. Engu að síður hefur dregið úr trú á gæðum þeirra árið 2012 miðað við árin á undan, hjá báðum aldurshópnum. Það þarf þó að hafa í huga að ekki er hægt að draga ályktanir út frá þeirri niðurstöðu, til þess þarf að rannsaka hvernig þróunina verður yfir lengra tímabil.

Gæði upplýsinga í Fjölmiðlum voru metin á svipaðan hátt af báðum aldurs- hópnum. Niðurstöðurnar sýna að minniháttar breytingar urðu á því hvernig upplýsingarnar voru metnar árið 2012 miðað við árin á undan. Hjá báðum hópnum lækkaði mat á gagnsemi lítillega árið 2012 miðað við árin 2007 og 2002. Hjá eldri hópnum hafði einnig dregið lítillega úr mati á áreiðanleika upplýsinganna árið 2012 miðað við fyrri ár.

Samantekt á þróuninni á mati á gæðum upplýsinga frá Sérfræðingum og í Fjölmiðlum leiddi í ljós að minni munur var á þessum miðlum árið 2012 en árið 2002. Ennfremur kom í ljós að hjá eldri hópnum var minni munur á milli Sérfræðinga og Internetsins árið 2012 miðað við árið 2002. Hjá yngri hópnum var munur á milli þessarra miðla sá sami hvað varðar mat á gagnsemi upplýsinga árið 2012 miðað við 2002 en hvað varðar mat á áreiðanleika upplýsinga hafði munurinn aukist lítillega.

Þegar þróun á mati á upplýsingum í Fjölmiðlum og á Interneti er borin saman sést að upplýsingar í Fjölmiðlum voru taldar gagnlegri og áreiðanlegri en upplýsingar á Internetinu öll árin. Hjá yngri hópnum var munur milli miðlanna hins vegar minni árið 2012 en hann var 2002 en hjá eldri hópnum jókst hann.

Niðurstöður um Internetið sýna ennfremur að yngri aldurshópurinn hafði meiri trú á gæðum upplýsinga þar árið 2002 en sá eldri og á það einnig við árið 2012, þó svo að

dregið hafi saman með aldurshópunum. Yngri hópurinn taldi upplýsingarnar síður gagnlegar og áreiðanlegar árið 2012 en 2002. Hjá eldri hópunum óx trú á gagnsemi og áreiðanleika upplýsinganna tímabundið árið 2007 frá því sem verið hafði 2002 en úr því dró aftur þannig að árið 2012 var mat á upplýsingunum svipað og hafði verið 2002.

Rannsóknin leiddi því í ljós að leit að upplýsingum á Internetinu hefur færst í aukana frá því sem var árið 2002, sem er í takt við það sem Bromley (2004) taldi að myndi gerast. Hins vegar hafa þátttakendur í báðum aldurshópunum jafnframt orðið gagnrýnni á þær upplýsingar sem þar er að finna.

Hafa þarf í huga að svarhlutfall í könnunum var á bilinu 47% til 58,4% sem vekur upp spurningar um hvort þeir sem svöruðu gefi skekka mynd af þeim sem ekki svöruðu.

Engu að síður gefa niðurstöðurnar mikilvægar vísbendingar um þróun í upplýsingahegðun fólks á aldrinum 60 ára og eldra frá því árið 2002 til 2012.

Niðurstöðurnar gefa vitneskju um miðla- og upplýsingalæsi Íslendinga 60 ára eða eldri. Framþróun í upplýsingatækni hefur verið hröð en mikilvægt er að hafa í huga að eldra fólk sem hefur mótað upplýsingahegðun sína í gegnum langt æviskeið tileinkar sér ekki alltaf nýjungar á sama hátt og þeir sem yngri eru. Þekking á því hvernig upplýsingahegðun eldra fólks hefur þróast er því nauðsynleg til að hægt sé að miðla upplýsingum um heilsuefingu til þeirra á því formi og eftir þeim leiðum sem þeim hentar best. Með því móti má betur skapa því tækifæri til að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér heilbrigðari lífsstíl.

Heimildir

- Bromley, C. (2004). Can Britain close the digital divide? Í A. Park, J. Curtice, K. Thomson, C. Bromley og M. Phillips (ritstjórar), *British social attitudes: The 21st report* (bls. 73 – 97). London: National Centre for Social Research.
- Fischera, S. H., Davida, D., Crottya, B. H., Dierks, M. og Safrana, C. (2014). Acceptance and use of health information technology by community-dwelling elders. *International Journal of Medical Informatics*, 83, 624–635.
- Fox, S. og Duggan, M. (2013). *Information triage*. Sótt af <http://www.pewinternet.org/2013/01/15/information-triage/>
- Hagstofa Íslands. (2004). Notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti 2002 og 2003. *Hagtíðindi: Upplýsingatækni*, 89(12). Sótt af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=921>
- Hagstofa Íslands. (2012). Tölvu- og netnotkun einstaklinga 2012. *Hagtíðindi: Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni*, 97(33). Sótt af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=14251>
- Hagstofa Íslands. (2013). Hagtíðindi: Mannfjöldi. Reykjavík: Höfundur. Sótt af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=15409>
- Pálsdóttir, Á. (2014). Preferences in the use of social media for seeking and communicating health and lifestyle information. *Information Research*, 19(4), paper 642. Sótt af <http://InformationR.net/ir/19-4/paper642.html>
- Saied, A., Sherry, S. J., Castricone, D. J., Perry, K. M., Katz, S. C. og Somasundar, P. (2014). Age-related trends in utilization of the internet and electronic communication devices for coordination of cancer care in elderly patients. *Journal of Geriatric Oncology*, 5(2), 185-189.
- UNESCO. (2014). *Media and information literacy*. Sótt af <http://www.uis.unesco.org/Communication/Pages/information-literacy.aspx>
- United Nations. (2013). World population aging 2013. New York: Höfundur. Sótt af <http://www.un.org/en/development/desa/population/publications/pdf/ageing/WorldPopulationAgeing2013.pdf>